

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Hrafnkelsstaðir 3, L166764, skilgreining lóðar og byggingarreits.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem nær yfir hluta af landi Hrafnkelsstaða 3, L166764. Merkjalýsing þar sem viðkomandi skika er skipt úr landi Hrafnkelsstaða 3 var samþykkt samhliða kynningu skipulagsins. Skipulagsmörkin ná yfir hluta af því svæði sem fær nýtt landnúmer (Hrafnkelsstaðir 5A) og staðföng auk Hrafnkelsstaðar 5B (áður 3 lóðir), L190288. Engin mannvirki eru til staðar innan skipulagsmarka en gert er ráð fyrir byggingarreit á einni nýrri íbúðarlóð og á sumarhúsaloð sem fyrir var á svæðinu, L190288. Áfram er gert ráð fyrir að landið sé flokkað sem landbúnaðarland.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. janúar 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Syðra-Langholt, L207348, stækkun byggingarreits og aukið byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til stækkunar á byggingarreit innan lands Syðra-Langholts, L207348.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. desember 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.